WALDORFSKÓLINN
LÆKJARBOTNUM

Bekkjarnámskrá 2. bekkur 2026–2027

Almennt um kennslu í 2. bekk

Kennsla í íslensku fer fram í fjórum lotum, tveimur á haustönn og tveimur á vorönn, fjórar vikur í senn.

Frásagnarefni vetrarins er að mestu ennþá ævintýri Grimmsbræðra, árstíðabundin ævintýri en einnig rússnesk, íslensk, norsk og írsk ævintýri og sögur.

Í íslenskulotunum sjálfum er unnið með sögur sem tengjast bókstöfunum sem eru sprottnar úr ímyndunarafli kennarans.

Unnið er með efnivið allra þessa sagna með fjölbreytni í kennsluháttum að leiðarljósi.

Haustönn

	Haustönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
21.9 - 23. - 10	Sérhljóðar	Í þessari lotu munum við sérstaklega kynnast sérhljóðana og eiginleika þeirra sem tengjast innri upplifun. Við innlögn bókstafa er unnið bæði út frá hljóðum tungumálsins og myndrænu formi þeirra. Bókstafir eru kynntir í gegnum sögur og myndir, þar sem tenging er sköpuð milli hljóðgæða og bókstafsforms. Myndræn vinna er lykilþáttur í ferlinu. Börnin teikna og mála það sem þau hafa heyrt og upplifað og tengja þannig myndir við orð og merkingu. Úr þessari vinnu þróast skriftin, þar sem myndir umbreytast smám saman í tákn og bókstafi ● æfa fín og grófhreyfingar með kubba litum og vaxstiftum. Æfa rétt grip og beitingu á skriffærum ● byggja grunn að þeirri listrænu vinnu sem koma skal með því að æfa blöndun á frumlitunum og fá fram annars stigs liti ● æfa stafina sjálfa og byrja að æfa notkun þeirra í orðum, bæði í rituðu og töluðu máli ● æfa að móta stafina með leir, lausamunum, rita með fingri í loftið o.fl.	**Að börnin:** - þekki og geti endursagt einföld hljóð og bókstafaheiti A Á E É I Í O Ó U Ú Ö Y Ý Æ - geti notað og leikið sér með stafina og byrja að æfa notkun þeirra í orðum, bæði í rituðu og töluðu máli
30.11 - 18.12	Samhljóðar	Í þessari lotu munum við sérstaklega skoða samhljóðana í þeirri röð sem þeir koma fyrir í stafrófinu og æfum okkur í orðum þar sem þeir koma sterkt fyrir með hlustun og ritun. Við förum leiðina frá myndinni (upplifun af stafnum) til ritunarinnar og til lestrarins. ● æfa lestur gegnum það efni sem við erum að skrifa sjálf ● æfa að endursegja sögu ● teikna, skrifa og lesa út frá bókstafa ævintýrum, myndskreyta lotubók	- Nemandi kynnist samhljóðum og tengir hljóð þeirra við bókstafina B D Đ F G H J K L M N P S T V X Þ - Nemandi æfir að móta, skrifa og þekkja bókstafi með fjölbreyttum aðferðum. - Nemandi endursegir sögur og tjáir upplifun sína með mynd og einfaldri ritun.

Vorönn

	Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
1.2 - 26.2	Samhljóðar og Sérhljóðar	Í þessari lotu munum við sérstaklega skoða samhljóðana í þeirri röð sem þeir koma fyrir í stafrófinu og æfum okkur í orðum þar sem þeir koma sterkt fyrir með hlustun og ritun. Við förum leiðina frá myndinni (upplifun af stafnum)til ritunarinnar og áfram til lestrarins. ● æfa lestur gegnum það efni sem við erum að skrifa sjálf ● æfa að endursegja sögu ● teikna, skrifa og lesa út frá bókstafa ævintýrum, myndskreyta lotubók	- Nemandi hlustar eftir hljóðum í orðum og tengir þau við bókstafi. - Nemandi dregur og mótar bókstafi og æfir rétt vinnubrögð við ritun. - Nemandi tekur þátt í sameiginlegum lestri og les einfalt efni sem unnið hefur verið með. - Nemandi segir frá og endursegir efni út frá sögum og myndum. - Nemandi tjáir upplifun sína með teikningu, ritun og myndsköpun.
12.4 - 7.5	Tvíhljóðar	Í þessari lotu erum við sérstaklega að fara að skoða tvíhljóða í þeirri röð sem þeir koma fyrir í stafrófinu og æfum okkur í orðum þar sem þeir koma sterkt fyrir með hlustun og ritun. Við förum leiðina frá myndinni (upplifun af stafnum) til ritunarinnar og áfram til lestrarins. ● æfa lestur gegnum það efni sem við erum að skrifa sjálf ● æfa endursögn á sögum ● teikna, skrifa og lesa út frá bókstafaævintýrum ● myndskreyta lotubók	- Nemandi kynnist tvíhljóðum og tengir hljóð þeirra við bókstafina. AU EI EY - Nemandi æfir að þekkja, móta og rita tvíhljóða með fjölbreyttum aðferðum. - Nemandi tekur þátt í lestri út frá eigin ritun og því efni sem unnið hefur verið með. - Nemandi endursegir sögur og tjáir sig með tali, myndum og ritun. - Nemandi vinnur skapandi með bókstafaævintýri og myndskreytir eigið námsefni.

Stærðfræði

	Haustönn 2024	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
24.8 - 28.8	**Formfræði / Formteikning**	Formfræðiæfingar samþættar við skrift, stærðfræði og formfræði. • bein og bogin lína • endurtekning og eftirhermun • fínhreyfingar • teikning	- Nemandi æfir að draga beinar og bognar línur og form af athygli og nákvæmni. - Nemandi þjálfar fínhreyfingar, samhæfingu augna og handa - Nemandi endurtekur einföld form og mynstur og eflir skynjun fyrir formi, stefnu og rými.
2.11 - 20.11	Samlagning Frádráttur Innlegg Margföldun Deiling	Rómverskir og arabískir tölustafir. Skilningur á virði talna. Klapp og stapp margföldunartaflna æft. Rúmfræði út frá tölustöfunum 1 upp í 12. • hugareikningur • hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur 1 - 10 - 100, áfram og afturábak • litla samlagningartaflan • litla frádráttar taflan • margföldunartafla 1x og 2x	- Nemandi þekkir tölustafi og skilur gildi talna. - Nemandi beitir einfaldri samlagningu og frádrætti með fjölbreyttum aðferðum. - Nemandi kynnist margföldun og deilingu í gegnum hreyfingu, takt og mynstur. - Nemandi rannsakar form og mynstur sem tengjast tölum og rúmfræði.

	Vorönn 2025	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
4.1 - 8.1	Samlagning Frádráttur Tugakerfi Talnarýni	Reikningsaðferðir: samlagning, frádráttur, margföldun, og deiling Reikningsaðferðirnar eru æfðar með fjölbreyttum hætti, í gegnum líkamann með reglubundnum takthreyfingum, með ýmsum áþreifanlegum hlutum svo sem steinum, fræjum og baunum. Allar æfingarnar gera reikning lifandi fyrir nemendum sem í framhaldinu leysa skrifleg reikningsdæmi. • Hugareikningur	- Nemandi beitir fjölbreyttum aðferðum við samlagningu og frádrátt. - Nemandi kynnist tugakerfinu og styrkir skilning sinn á gildi og sætiskerfi talna. - Nemandi eflir talnaskilning og hugareikning með hreyfingu, takti og hlutbundinni vinnu. - Nemandi kynnist margföldun og deilingu í gegnum mynstur, leiki og fjölbreytt verkefni.

		• hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur 1 - 10 - 100, áfram og afturábak • litla samlagningartaflan • litla frádráttar taflan • margföldunartafla 1x og 2x • deilingartafla - að deila með 2 Hugareikningur Hluti námsefnisins er hreyfing tengd stærðfræði - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur, áfram og afturábak. Unnið verður með talnaþulur - 1 og upp að 100 og afturábak. Nemendur æfa að telja einingar upp að hundrað og afturábak sem og að telja tugi upp að hundrað og afturábak. • kynnast tugakerfi • tölur upp í 100 skriflega • samlagning yfir 10 • sléttar og odda tölur • æfa áfram margföldunartöflur	
1.3 - 19.3	Tugakerfi Sléttar /oddatölur Talnarýni upp í 1000 Margföldun / Deiling	Hugareikningur Hluti námsefnisins er hreyfing tengd stærðfræði - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur, áfram og afturábak. Unnið verður með talnaþulur - 1 og upp að 100 og afturábak. Nemendur æfa að telja einingar upp að hundrað og afturábak sem og að telja tugi upp að hundrað og afturábak. • kynnast tugakerfi • tölur upp í 100 skriflega • samlagning yfir 10 • sléttar og odda tölur • æfa áfram margföldunartöflur • æfa að teikna og skrifa margföldunar og deilingardæmi • æfa margföldunartöflur upp í 10	- Nemandi sýnir skilning á tugakerfinu og gildi talna og þekkir tölur upp í 100. - Nemandi greinir á milli sléttra og oddatalna - Nemandi beitir samlagningu, margföldun og deilingu með fjölbreyttum aðferðum - Nemandi skráir einföld margföldunar- og deilingardæmi með tölum og myndum. - Nemandi styrkir talnaskilning og reiknifærni með reglubundnum hugareikningi og hreyfitengdum verkefnum.

		• æfa hreyfanleika í töflunum	
10.5 - 11.6	**Formfræði/formteikning**	Formfræðiæfingar samþættar við skrift, stærðfræði og formfræði • bein og bogin lína í flæði • Endurtekning og eftirhermun • fínhreyfingar • teikning	- Nemandi þjálfar fínhreyfingar og samhæfingu með formteikningu. - Nemandi endurtekur og mótar einföld form og mynstur. - Nemandi beitir teikningu til að efla skynjun á formi, stefnu og rými.

Erlend tungumál

Erlend tungumál: Enska og Danska

	Haustönn / Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Allt árið	Samþætt við öll fög	Erlend tungumál eru samþætt við flest fög. Vísur og rímur eru sungnar við tækifæri. Áhersla er lögð á ensku, (þýsku) og dönsku. Nemendur læra að bjóða góðan dag, að telja og segja ýmis einföld samskipta orð sem nýtast þeim í daglegu lífi. Barnaleikir svo sem söngleikir, hópleikir, snú snú og aðrir leikir þar sem talað mál er haft við leik eru samþættir við hreyfingu og talmál.	- Að nemandi geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði. - Að nemandi geti endurtekið setningar, ljóð og vers áheyrilega og með góðum framburði. - Að nemandi geti átt einföld samtöl um fjölskyldu og daglegt líf , heilsað og kvatt á tungumálinu. - Að nemandi þekki nokkur orð og setningar í málinu og geti skrifað þau. - Að nemandi geti sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum, orðum og hugtökum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla

List- og verkgreinar

Handavinna

	Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
10.5 - 21.5	Prjón	Verkefni hjá þeim er að búa til prjóna. Nemendur fá rúnaða pinna sem þarf að pússa vel. Því næst er læra nemendur að fitja upp lykkjur á fingrum sér. Þegar sú færni er orðin góð læra nemendur að prjóna. Prjón er mikilvægur þáttur í kennslu. Það krefst fínhreyfingar og er góð æfing í samhæfingu beggja handa. Það er unnið með ullarband. Nemendur munu prjóna dregil sem er ca 10 lykkjur á breidd og ca 36 umferðir. Prjónaálfurinn mætir eftir að nemendur eru farnir úr skólanum og saumar saman renninginn þannig úr verður hinn snotrasti dvergur.	- Nemandi vinnur með náttúrulegan efnivið og kynnist undirstöðuatriðum í prjóni. - Nemandi eflir fínhreyfingar, einbeitingu og samhæfingu með reglubundinni prjónavinnu. - Nemandi upplifir ánægju af því að skapa með eigin höndum.
Allt árið	Ýmis handverk	Unnið er að ýmsu handverki í tengslum við árstíðabundnar hátíðir. -Drekarleikar -Þemadagar -Basarundirbúningur -Luktarhátið -Öskudagur	

Smíði

	Smíði	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Lota: 1.2 - 26.2 +Allt árið í frístund	Tálgun	Nemendur tálga í vettvangsferðum og frístund allt árið. Í tálgunarlotuni okkar æfum við að gera lítinn dverg, við förum og öflum okkur	- Nemandi velur og vinnur með náttúrulegan efnivið af virðingu og natni.

		efniviðar í skóginum og æfum rétt grip og hald á hníf. ● æfum formskyn ● æfum fínhreyfingar ● æfum að fara ná fram úr efninu formi ● æfum að pússa og klára að gera alveg fínt það sem við erum að vinna með	- Nemandi þjálfar fínhreyfingar, einbeitingu og formskyn með tálgun og frágangi verkefna. - Nemandi skapar einfaldan nytja- eða skrauthlut og leggur alúð í að fullgera verk sitt.

Tónlist

	Tónlist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Lotur: 2.11 - 27.11 12.4 - 7.5 + Allt árið		Skólasöngur er haldin alla morgna með öllum aldursstigum. Í morgunhring eru flóknari söngvar æfðir ásamt erlendum lögum og röddun er æfð. Undirstöðuatriði pentatónísku blokkflautunnar eru æfð og umhirða flautunnar. Nemendur spila frjálst á ýmis hljóðfæri. Nemendur læra að hlusta og njóta tónlistar. Klapp og stapp notað til að finna hrynjandi í tónlist. Nemendur æfa sig að vera í takti við tónlist og samhæfa útlimi við hreyfingu hrynjandi lags.	- Nemandi tekur þátt í sameiginlegum söng og tónlistarflutningi. - Nemandi kynnist undirstöðuatriðum í leik á pentatóníski blokkflautu og umhirðu hennar. - Nemandi skynjar og fylgir takti og hrynjanda með söng, hreyfingu og einföldum hljóðfæraleik.

Hrynlist

	Hrynlist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Allt árið, fléttað inn í ólík fög og morgunhring.		Hrynlistin er unnin að hluta til með aðstoð einfaldrar tónlistar í ýmsu formi, t.d. við undirleik líru, klukkuspils, eða lítilla sembala.	- Nemandi upplifir sérhljóða, samhljóða og hrynjanda tungumálsins í gegnum hreyfingu og leik.

		Börnin koma til með að læra að ganga eftir „ósýnilegum“ rúmfræðilegum og strúktúreruðum formum. Lögð verður megin áhersla á að barnið upplifi mun á beinni og boginni línu. Markmiðið er að þessi greinarmunur upplifist með öllum líkamanum sem heild frekar en einungis á vitsmunalegan hátt. Grunnur verður lagður að myndbyggingu sérhljóða og samhljóða. Ekki verður farið út í fulla meðvitaða myndbyggingu, heldur verður leitast eftir að virkja hreyfingarnar í gegnum eftirhermun með nokkurs konar leikrænni tjáningu á ljóðum og ævintýraleikjum sem byggjast á rými og hrynjandi. Vers hrynjandi verður æfður með áherslu á löng og stutt skref, ýtt verður undir þessa upplifun með samhæfingu handa og fóta þar sem t.d. fæturnir læðast og hendurnar klappa. Þessar æfingar styrkja líka heyrnina.	- Nemandi fylgir einföldum hreyfimynstrum og vinnur með takt, rými og stefnu. - Nemandi tekur þátt í leikrænni tjáningu ljóða, sagna og tónlistar með hreyfingu.

Leiklist

	Leiklist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
30-11 - 18.12	Jólaleikrit	Nemendur setja upp leikrit sem er samþætt við íslenskukennslu. Kennari aðstoðar nemendur við handritasmíð. Nemendur taka þátt í persónusköpun og koma með hugmyndir að sviðsmynd og búningum.	- Nemandi tekur þátt í leikrænni vinnu og tjáir sig í gegnum persónur, sögur og hreyfingu. - Nemandi eflir samvinnu og sköpun með þátttöku í gerð leikrits. - Nemandi kynnist uppbyggingu sögu og tekur þátt í að skapa einfalt handrit, sviðsmynd og búninga.
1.3 - 19.3	Páskaleikrit	Nemendur setja upp leikrit sem er samþætt við íslenskukennslu. Kennari aðstoðar nemendur við handritasmíð.	- - II -

		Nemendur taka þátt í persónusköpun og koma með hugmyndir að sviðsmynd og búningum.	

Myndlist

	Myndlist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
28.9 - 16.10 4.1 - 29.1		Nemendur kynnast töfraheimi vatnslitunar og læra að njóta fagurfræði litanna. Nemendur mála blautt í blautt frjáls form og eftir frásögn kennarans. Nemendur kynnast hreyfingu vatnslitanna og virkni þeirra ● gæði hvers litar ● ljósir og dökkir litir ● veikir og sterkir litir ● kaldir og heitir litir ● andstæðulitir	- Nemandi upplifir fegurð og fjölbreytileika lita í gegnum blautt í blautt málun. - Nemandi kynnist samspili ljóss og dökkra lita, sterkra og veikra lita ásamt köldum og heitum litum. - Nemandi eflir sköpunargleði, einbeitingu og næmni fyrir myndrænni tjáningu.

Náttúrufræði

	Náttúrufræði	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Allt árið	Átthagafræðið	Á hverjum mánudegi eru farnar tveggja til þriggja tíma nestisferðir í umhverfi skólans. Hólar og dalir, hraun og lækir, melar og móar og skóglendi eru skoðuð. Gengið er á Selfjall þar sem kletturinn Kista er skoðaður. Nemendur læra um áttirnar og helstu nöfn og hugtök fyrir fyrirbærum náttúrunnar sem þau upplifa. Nemendur læra að þekkja plöntur og dýr í umhverfi sínu. Nemendur upplifa á eigin skinni breytingu árstíðanna. Á haustmánuðum eru ber tínd og tekið með heim til te- og sultugerðar.	- Nemandi kynnist nærumhverfi sínu og lærir að þekkja náttúrufyrirbæri, plöntur og dýr. - Nemandi fylgist með árstíðabundnum breytingum í náttúrunni og upplifir tengsl manns og umhverfis. - Nemandi eflir athygli sína og forvitni með vettvangsferðum, rannsóknum og upplifun í náttúrunni.

		Farið er í skólaferðalag í Viðey á vordögum þar sem við skoðum eyjuna ásamt dýra og mannlífi sem þar er	
24.8 - 18.9	Garðyrkja	Nemendur taka þátt í uppskeru Nemendur þvo og skera niður grænmeti Nemendur aðstoða við eldamennsku á grænmeti og undirbúa uppskeruveislu Drekaleiksins á Mikjálsmessu í október. Nemendur undirbúa jarðveg fyrir veturinn. Nemendur kynnast frumkröftunum sem dvelja í garðinum, vindinum, sólinni, jörðinni og vatninu.. Nemendur færa fuglum vatn og þakka smádýrum svo sem ánamöðkum og pöddum fyrir góða vinnu.	- Nemandi upplifir tengsl mannsins við jörðina í gegnum garðvinnu, uppskeru og umhyggju fyrir náttúrunni. - Nemandi kynnist áhrifum sólar, vatns, jarðar og veðurs á lífið í garðinum. - Nemandi tekur þátt í verklegri vinnu og samfélagslegum verkefnum sem tengjast uppskeru og sameiginlegum hátíðum.

Lífsleikni

	Lífsleikni	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Drekavika + allt árið í frístund og árstíðabundinni þema vinnu/hátíðir	Í Waldorfskólum er lífsleikni mjög mikilvæg. Lífsleikni er ekki kennd sem fag heldur fléttast óhjákvæmilega í gegnum allt nám í skólanum. Hún fær fyrst og fremst að þroskast í gegnum það að framkvæma. Gegnum skólareglurnar, með því að hafa góðar fyrirmyndir, eftirfylgni og árvekni kennara. Í 2-3.bekk eru umsjónarmenn að leggja á borð, kveikja á kertunum, taka af borði, þrífa borð og sópa. Vökva blóm, hugsa um hænurnar og hringja inn í tíma. Hlustun þjálfast m.a. í morgunhringnum, við matarborðið, í tímum þar sem rétta skal upp hönd þegar talað er. Félagsþroski þjálfast allan daginn hjá börnunum, mest í frjálsum leik þar sem reglan er að allir megi vera með. Kennarinn er leiðbeinandi þegar kemur að lausn vandamála, en einungis ef þarf. Börnin fá næg tækifæri til þess að spreyta sig á þessu mikilvæga	Lífsleikni Vika / Furudalsvika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Á hverjum degi er frjáls leikur þar sem ímyndunaraflið og sköpunargáfan fær að njóta sín. Nemendur vinna úr efnivið dagsins og búa sér til ævintýraheim þar sem frelsi sköpunar fær að blómstra.	- Nemandi tekur þátt í sameiginlegum verkefnum og eflir samvinnu, félagsfærni og jákvæð samskipti við aðra. - Nemandi notar ímyndunarafl og sköpunargáfu í frjálsum leik og skapandi verkefnum. - Nemandi kynnist verklegum athöfnum og vinnur með náttúrulegan efnivið á skapandi og ábyrgðan hátt. - Nemandi æfir sjálfstæði, frumkvæði og þátttöku í samfélagi bekkjarins.

	þroska. Mánudagsgöngur, drekavikan, Þemadagar, Ólympiuleikar, sem og hátíðarföndur og hátíðir sjálfar eru til þess fallnar að börnin læri samvinnu þvert á árganga, samhengi, samúð og að hér hjálpist allir að við það sem gera þarf	Nemendur æfa sig í félagsfærni og við stuðlum saman að því að mynda góðan bekkjar- og skólabrag.	

Íþróttir og hreyfing

	Íþróttir og hreyfing	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Allt árið	Mánudagsganga	Á hverjum mánudegi er farið í langa göngu í umhverfi skólans, oft er farið í fjallgöngur, eltingarleiki, húsagerð og fleira sem stuðlar að hreysti nemenda.	- Nemandi eflir hreyfigetu, úthald og líkamsvitund með fjölbreyttri hreyfingu og útiveru. - Nemandi tekur þátt í leikjum og hreyfingu þar sem samvinna, leikreglur og félagsfærni eru æfð. - Nemandi þjálfar samhæfingu, jafnvægi og styrk í gegnum fjölbreyttar hreyfiæfingar.
	Leikir	Nemendur taka 2. - 3. í viku þátt í stýrðum leik ásamt því að leika við aðra bekki og kennara þar sem leikreglur ríkja.	
	Útivera	Dagleg útivera er að jafnaði um 2 klukkutíma þar sem börnin leika bæði í skipulögðum leikjum ásamt kennara og frjálst. Skólalóðin býður upp á fjölbreytta möguleika til leika sem stuðla að virkri hreyfingu og hreysti nemenda.	
	Ólympíuleikar	Ólympíuleikar eru haldnir að vori. Unnið er í hópastarfi þvert á bekki. Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.	
Vorönn	Sund	Sundkennsla byrjar öllu jafna í 2. bekk á vorönnina og er einu sinni í viku	

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar